

Dags eftirlits	26.11.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Orkugerðin	Eftirlitsmaður	
Heimili	Heiðargerði 5	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5801697249	Flokkur	verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Ólafur Wernersson	ÍSAT nr.	15.41.0.2
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór reglubundið seinna eftirlit í Orkugerðina. Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru settar fram.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið seinna eftirlit í Orkugerðina og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
2. Verkstjórn og takmörkun aðgangs (gr. 2.4)
3. Niðurstöður síðasta eftirlits
4. Skráning olúgeyma
5. Önnur mál

Eftirlitið var að þessu sinni tvískipt vegna COVID19 faraldursins, rafrænn eftirlitsfundur fór fram 26. nóvember þar sem farið var yfir ákvæði starfsleyfisins og vettvangsheimsókn fór fram 30. nóvember.

Farið var yfir starfsemina nú í ár, en miklar framkvæmdir hafa verið í gangi í verksmiðjunni þar sem búnaður hefur verið endurnýjaður og frárennsli í gölfum bætt. Uppsöfnuð fita í gömlum geymi aftan við verksmiðjuhúsið var brennd eins og hægt var og er ætlunina að tæma geyminn og rífa hann. Vel hefur gengið að koma annarri fitu í útflutning til Evrópu þar sem hún fer í orkuvinnslu. Þá ræddi rekstraraðili hugmyndir varðandi úrbætur á verksmiðjunni s.s. varðandi útblástur og betri nýtingu á hráefni.

Farið var yfir niðurstöður síðasta eftirlits en þá voru settar fram fjórar ábendingar er varða áætlun um viðhald á mengunarvarnabúnaði, leka frá kæligámi, girðingu um athafnasvæði og skýrslu varðandi endurbætur á verksmiðjunni sem skila á til stofnunarinnar 1. maí 2021. Fram kom í eftirliti nú að fyrirhugað væri að setja upp rafrænt kerfi vegna viðhalds á búnaði í verksmiðjunni og staðfest var í vettvangsheimsókn að gengið hefði verið frá vegna leka við kæligám. Minnt var á skýrslu vegna viðhalds.

Varðandi girðingu umhverfis athafnasvæði óskaði rekstraraðili eftir því að tekið yrði tillit til þess að umhverfis skipulagða iðnaðarsvæðið, sem athafnasvæði verksmiðjunnar er á, væri girðing og hlið. Þá hefði rekstraraðili nýlega tekið á leigu lóðina sunnan við verksmiðjuna og þar væri kvöð um að ekki væri girt umhverfis lóðina. Málið er til skoðunar hjá stofnuninni.

Rætt var um olúgeymi sem eru á lóð rekstraraðila, en þar er gamall olúgeymir sem nú er fullur af fitu.

Farið var í vettvangsheimsókn og var ekki tilefni til athugasemda að þessu sinni.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 05.01.2021



Sigríður Magnúsdóttir